

## Breytingartillögur

við frv. til l. um sjúkratryggingar.

Frá 1. minni hluta heilbrigðisnefndar (ÞBack, ÁI).

1. Við 7. gr. Á eftir orðunum „á háskólastigi“ í 2. másl. 1. mgr. komi: á sviði heilbrigðisvísinda.
2. Við 20. gr. Í stað orðanna „Sjúkratryggingar taka til nauðsynlegra tannlækninga aldradæra, öryrkja og barna yngri en 18 ára“ í fyrri másl. 1. mgr. komi: Sjúkratryggingar taka til tannlækninga aldradæra, öryrkja og barna og ungmenna yngri en 20 ára.
3. Við 22. gr. Á eftir orðinu „fæðingar“ í 1. mgr. komi: og sængurlegu.
4. Við 28. gr. Á eftir 2. másl. 2. mgr. komi nýr másl. 1. mgr. svohljóðandi: Ef um barn yngri en 18 ára er að ræða taka sjúkratryggingar þátt í kostnaði við fargjald beggja foreldra.
5. Við 29. gr.
  - a. Á eftir 2. másl. 2. tölul. 1. mgr. komi nýr másl. 1. mgr. svohljóðandi: Ekki er þó heimilt að taka gjald fyrir rannsóknir o.fl. sem er nauðsynlegur undanfari innlagnar vegna aðgerðar, sbr. 1. mgr. 18. gr.
  - b. Á eftir orðunum „við fæðingu“ í 2. másl. 3. tölul. 1. mgr. komi: og sængurlegu.
  - c. Á eftir 2. másl. 3. tölul. 1. mgr. komi nýr másl. 1. mgr. svohljóðandi: Ekki er heldur heimilt að taka gjald fyrir almennar tannlækningar barna og ungmenna 20 ára og yngri né heldur fyrir almennar tannlækningar elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta tekjutryggingar.
  - d. Við 3. tölul. 1. mgr. bætist nýr másl. 1. mgr. svohljóðandi: Ekki er heimilt að taka gjald fyrir þjónustu túlka sem veitt er í tengslum við heilbrigðisþjónustu.
6. Við 31. gr.
  - a. Í stað orðanna „annars foreldris“ í fyrri másl. komi: beggja foreldra.
  - b. Síðari másl. orðist svo: Aldurstakmark skv. 1. másl. gildir ekki ef um er að ræða barn sem haldið er verulegri fötlun.
7. Við 39. gr. Á eftir orðinu „sjálfseignarstofnanir“ í 2. mgr. komi: fag- og stéttarfélag.
8. Við 42. gr. Greinin falli brott.
9. Við 45. gr. Á eftir 2. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Sjúkratryggingastofnunin skal koma á fót virkum samráðsvettvangi þar sem fram fer samráð milli sjúkratryggingastofnunarinnar og þeirra aðila sem annast heilbrigðisþjónustu á grundvelli samninga samkvæmt þessum kafla. Slíkur samráðsvettvangur skal vera á ábyrgð beggja samningsaðila og skal þar ræða um viðkomandi samning, breytingar á samningi eða framkvæmd hans.